

## REGLUGERÐ

### um holræsagjald í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Seyðisfjarðarkaupstað eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,20% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

#### 2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka með fjárnámi og má gera fjárnám í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 3. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 209/1958, sbr. reglugerð nr. 59/1973.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. febrúar 2001.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Guðjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Broddaneshrepps.

#### I. KAFLI

#### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Hreppsnefnd Broddaneshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.